

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2000

frá 22. desember 2000

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/1999 frá 30. mars 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB frá 17. apríl 2000 um lágmarksprófkörfur sem gerðar eru til öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum færmum á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 13a (tilskipun ráðsins 96/35/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„13b. **32000 L 0018:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB frá 17. apríl 2000 um lágmarksprófkörfur sem gerðar eru til öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum færmum á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtið. EB L 118, 19.5.2000, bls. 41).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 161 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 248.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 118, 19.5.2000, bls. 41.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/18/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 22. desember 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.